

Nr. 17-066 S 046 Núpur HF 56**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6526
Útgerð: Smáherji ehf. Hafnarfirði.
Smíðaður: Vogar 1979 plast
Stærð: 3,2 brl. 4,1 bt.
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Volvo Penta 119 kw, 1998
Fjöldi skipverja: 1



Núpur ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. maí 2017 var Núpur HF 56 á strandveiðum 11 sjómílu vestur af Akranesi. Veður: SSA 10 m/s.

Á veiðum kom upp vélarbilun í bátnum. Óskað var eftir aðstoð og kom björgunarskipið Ásgrímur S Björnsson að bátnum og dró hann til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að öxull í kælivatnsdæluni fór í sundur fyrir innan legu og framan við pakkdós;
- að kælivatnsdælan var fjögur ára gömul;
- að kælivatnsdælan var keypt hjá Brimborg;
- að fram kom hjá framleiðanda að strekkja þarf þessar reimar eftir leiðbeiningum og herslumæli (*sjá eldra mál 050/16 Eldborg SH 370*).

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.